



Mýrdalshreppur

Alþingi
Erindi nr. P 132/1277
komudagur 13.3.2006

Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

408-III-7 ums_byggðaaætlun.doc


Vík, 8. mars 2005

Á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps þann 27. febrúar sl. var samþykkt eftirfarandi umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun 2006-2009:

Stefnumótandi byggðaaætlun 2006-2009.

Fyrir liggur tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaaætlun fyrir árin 2006-2009. Ýmislegt jákvætt má greina í áætluninni en sveitarstjórn þykir ástæða til að leggja frekari áherslu á eftirfarandi:

- Uppbygging samgangna milli Reykjavíkur og Selfoss og hraðari uppbygging tengivega er nauðsynleg til að tryggja samkeppnishæfi Suðurlands.
- Uppbygging háskólanáms á Suðurlandi með virkri tengingu við dreifðari hluta svæðisins er brýnt verkefni þannig að möguleikar verði auknir á að leita menntunar án þess að þurfa að flytja búferlum.
- Auka þarf stuðning ríkisins við uppbyggingu og rekstur menningarstofnanna en þar er oftar en ekki um að ræða starfssemi sem erfitt er að láta standa undir sér en er engu að síður mikilvæg til að halda utan um menningarverðmæti þjóðarinnar og styðja við ýmiss konar rannsóknastörf og ferðaþjónustu.
- Leggja ber áherslu á að styrkja starfsstöðvar opinberra stofnanna á landsbyggðinni með stóráuknum flutningi verkefna til þeirra sérstaklega á þeim svæðum sem hafa búið við fólksfækkun og fábreytt atvinnulíf. Einnig þarf að skoða jákvætt hugmyndir um að koma upp nýjum starfsstöðvum stofnana sem t.d. vinna með verkefni á sviði umhverfismála.
- Þrátt fyrir jákvæða þróun á vestanverðu Suðurlandi hefur eystri hlutinn og þá sérstaklega Vestur-Skaftafellssýsla setið eftir ásamt Vestmannaeyjum og leggja ber sérstaka áherslu á þessi svæði ásamt öðrum viðlíka á landinu þegar horft er til byggðaaðgerða.

Þetta tilkynnist hér með
Sveitarstjóri Mýrdalshrepps

Sveinn Pálsson
sveitarstjóri